

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 145. löggjafarþings, frá 19. desember 2015 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 19. janúar 2016.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi samþykkti hinn 19. desember 2015 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 145. löggjafarþings, frestað hinn 19. desember 2015.

Forsætisráðuneytinu, 21. desember 2015.

F. h. r.
Ágúst Geir Ágústsson.

Anna Elísabeth Gísladóttir.